

AÐALFUNDUR FFF 17.NÓV. 2012

Fundur hófst kl. 10:30

Formaður bauð fundargesti velkomna og flutti skýrslu stjórnar fyrir líðandi starfsár. Formaður hvatti að því loknu fundargesti til að virkja þá fósturforeldra sem það þekkti og væri í samskiptum við til að ganga í félagið, væru þeir ekki nú þegar félagsmenn.

Ársreikningur, fjárhagsáætlun

Gjaldkeri fór yfir ársreikning og útskýrði þá þætti sem þar komu fram. Ein athugasemd kom fram þar sem spurt var af hverju uppgjörsárið væri með þeim hætti sem það er. Gjaldkeri útskýrði.

Fundurinn samþykkti ársreikning eins og hann var lagður fram.

Ákvörðun stjórnar varðandi greiðslur fyrir nefndarstörf og akstursgjald fyrir stjórnarmenn á stjórnarfundi kynnt. Almennt ekki greitt fyrir stjórnarsetu eða störf í vinnuhópum, nema um verulega mikla vinnu einstakra félagsmanna sé að ræða, þá verði greitt fast gjald fyrir hvern fund ásamt akstursgjaldi. Greitt verður fyrir akstur á stjórnarfundi, þannig að félagsmönnum alls staðar af landinu verði gert kleift að sækja stjórnarfundi án mikils kostnaðar. Fundurinn samþykkti þá tilhögun án athugasemda.

Félagatal kynnt.

Umræður um félagsgjöld. Samþykkt að hækka árgjald um 1.000 kr á heimili. og að það yrði eftirleiðs innheimt að vori.

Rætt um að sækja um hærri styrk frá BVS til að endurspegla raunkostnað við að senda 2 fulltrúa á NOFCA.

Kosning stjórnar

Formaður kallaði eftir framboðum. Enginn bauð sig fram gegn sitjandi stjórn, sem öll gefur kost á sér til áframhaldandi starfa. Hún er því óbreytt:

Formaður: Guðbergur Grétar Birkisson

Varaformaður: Eva Dögg Þorsteinsdóttir

Gjaldkeri: María Sólbergdóttir

Ritari: Steinunn Kristín Pétursdóttir

Meðstjórnandi: Árni Þór Arnórsson

Varamenn: Soffía Ellertsdóttir og Dóra Hjálmarsdóttir

Endurskoðandi: Hrönn Kristjánsdóttir

Lagabreytingar

Engar breytingar á lögum félagsins lagðar til.

Önnur mál

Ritari kynnti ganga mála í vinnu við reglugerð um greiðslur vegna barna í fóstri. Umræður um einstaka liði og reynslusögur fósturforeldra. Margir fósturforeldrar ósáttir við þau starfsskilyrði sem nú er unnið við, og von til þess að ný reglugerð verði betri og skýrari en sú sem nú er í gildi. Enginn afsláttur gefinn á því að greiðsla vegna framfærslukostnaðar hækki.

Ákveðið að útilega félagsins n.k. sumar verði í Hólaskógi í Hjaltadal í Skagafirði.

Samþykkt að útbúa kynningarbækling um félagið og fá BVS til að dreifa honum til allra fósturforeldra á landinu.

Rætt um að stofna hóp á Facebook. Fallið frá þeim hugmyndum þar sem ekki þykir nægilega tryggt að óviðkomandi aðilar komist ekki þar inn.

Lokaorð frá formanni þess efnis að hvetja félagsmenn til að standa saman og styðja hvert annað, og að unnið verði áfram að réttindamálum félagsmanna í reglugerðarvinnunni.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 12:20